

## Skýrsla

### forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.

#### Inngangur

Forsætisráðherra leggur nú skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga fyrir Alþingi í þriðja sinn. Gerð er grein fyrir meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál árið 2017, nýútgefinni reglugerð um frumkvæðisbirtingu upplýsinga og loks verður fjallað um innleiðingu tilskipunar 2013/37/ESB um endurnot opinberra upplýsinga.

#### Meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál

##### *Innkomin erindi*

Árið 2017 voru stofnuð 85 mál í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þar af voru 72 mál stofnuð í tilefni af kæru til nefndarinnar, en önnur voru stofnuð til að bregðast við fyrirspurnum eða af öðrum ástæðum. Mál skiptust á milli mánuða á árinu eins og hér greinir:

**Tafla 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál árið 2017**

2017	
Mánuður	Mál
Janúar	4
Febrúar	11
Mars	6
Apríl	7
Mái	12
Júní	10
Júlí	5
Ágúst	3
September	9
Október	3
Nóvember	10
Desember	5
<b>Samtals:</b>	<b>85</b>

Mál voru flokkuð frekar eftir tegundum þeirra og aðilum sem telja má málshefjendur þegar um er að ræða kærumál:

**Tafla 2: Tegundir mála árið 2017**

2017	
Tegund	Mál
Kæra	72
Enduruppt.	3
Fr. réttaráhr.	1
Annað	9
<b>Samtals:</b>	<b>85</b>

**Tafla 3: Málshefjendur kærumála árið 2017**

Málshefjendur	
Aðili	Mál
Einstaklingur	50
Fyrirtæki	4
Samtök	7
Fjölmiðill	11
<b>Samtals:</b>	<b>72</b>

Sem fyrr stafar langstærstur hluti kærumála frá einstaklingum en greina má litla aukningu í kærumálum frá starfsmönnum fjölmiðla. Búast má við því að fjölmiðlar nýti sér kærueheimild til úrskurðarnefndarinnar í auknum mæli eftir því sem málsmeðferðartími hennar styttest, svo sem raunin hefur orðið á undanförunum árum.

**Tafla 4: Lyktir kærumála árið 2017**

Lyktir kærumála	
Úrslit	Mál
Úrskurður	35
Niðurfelling	23
Framsant	1
Ólokið	13
<b>Samtals:</b>	<b>72</b>

Eins og sést á myndinni er alls 13 kærumálum frá árinu 2017 ólokið við samantekt skýrslu þessarar. Alls lauk 35 kærumálum með úrskurði nefndarinnar og 23 með því að þau voru felld niður, eftir atvikum í kjölfar þess að kærandi fékk aðgang að umbeðnum gögnum eða töfum á meðferð beiðni lauk með afgreiðslu hennar.

#### **Tölfræði úrskurða**

Á árinu 2017 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp 48 úrskurði á 10 fundum. Málsmeðferðartími nefndarinnar var mun skemmri en síðustu tvö árin á undan, eða 210 dagar frá kærni til úrskurðar (2016: 391 dagar, 2015: 296 dagar). Líkt og fyrri ár var málsmeðferðartími mun skemmri í málum sem lauk með öðrum hætti en úrskurði. Hér á eftir er yfirlit um úrskurði sem nefndin kvað upp á árinu.

**Tafla 5: Úrskurðir sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál kvað upp árið 2017**

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðasta gagni	Niðurstaða
667/2017	25.5.2016	19.1.2017	30.1.2017	250	11	Aðgangur
668/2017	23.3.2016	10.5.2016	30.1.2017	313	265	Frávisun
669/2017	26.7.2016	5.9.2016	30.1.2017	188	147	Aðgangur, heimvísun
670/2017	22.9.2016	2.11.2016	30.1.2017	130	89	Synjun staðfest
671/2017	12.7.2016	31.8.2016	17.3.2017	248	198	Heimvísun
672/2017	22.3.2016	29.8.2016	17.3.2017	360	200	Heimvísun
673/2017	20.7.2016	28.2.2017	17.3.2017	240	17	Aðgangur, heimvísun
674/2017	24.1.2017	24.1.2017	17.3.2017	52	52	Frávisun
675/2017	2.2.2017	2.2.2017	17.3.2017	43	43	Frávisun
676/2017	16.6.2016	11.1.2017	23.3.2017	280	71	Aðgangur að hluta
677/2017	22.7.2016	24.3.2017	26.4.2017	278	33	Frávisun
678/2017	20.9.2016	24.10.2016	26.4.2017	218	184	Frávisun
679/2017	3.11.2016	12.12.2016	26.4.2017	174	135	Heimvísun, frávisun
680/2017	11.11.2016	30.12.2016	26.4.2017	166	117	Aðgangur
681/2017	10.11.2016	29.11.2016	26.4.2017	167	148	Aðgangur
682/2017	6.5.2016	24.6.2016	2.6.2017	392	343	Aðgangur að hluta
683/2017	6.6.2016	11.7.2016	2.6.2017	361	326	Synjun staðfest
684/2017	7.6.2016	12.7.2016	2.6.2017	360	325	Aðgangur að hluta
685/2017	28.7.2016	8.5.2017	2.6.2017	309	25	Aðgangur að hluta
686/2017	10.11.2016	24.11.2016	2.6.2017	204	190	Frávisun
687/2017	16.11.2016	10.1.2017	2.6.2017	198	143	Heimvísun
688/2017	20.7.2016	12.6.2017	6.7.2017	351	24	Aðgangur að hluta, heimvísun
689/2019	8.9.2016	24.5.2017	6.7.2017	301	43	Aðgangur
690/2017	4.11.2016	14.6.2017	6.7.2017	244	22	Aðgangur
691/2017	28.12.2016	23.5.2017	6.7.2017	190	44	Synjun staðfest
692/2017	21.2.2017	24.5.2017	6.7.2017	135	43	Frávisun
693/2017	15.11.2016	27.12.2016	27.7.2017	254	212	Aðgangur að hluta
694/2017	5.12.2016	1.2.2017	27.7.2017	234	176	Aðgangur að hluta
695/2017	6.12.2016	24.7.2017	27.7.2017	233	3	Frávisun
696/2017	9.12.2016	16.6.2017	27.7.2017	230	41	Frávisun
697/2017	1.3.2017	10.4.2017	27.7.2017	148	108	Aðgangur
698/2017	3.3.2017	19.4.2017	27.7.2017	146	99	Frávisun
699/2017	15.3.2017	10.4.2017	27.7.2017	134	108	Aðgangur, heimvísun
700/2017	30.11.2016	29.8.2017	11.9.2017	285	13	Aðgangur
701/2017	16.12.2016	29.8.2017	11.9.2017	269	13	Synjun staðfest
702/2017	7.2.2017	1.9.2017	11.9.2017	216	10	Heimvísun
703/2017	4.4.2017	19.7.2017	11.9.2017	160	54	Synjun staðfest
704/2017	26.6.2017	22.8.2017	11.9.2017	77	20	Aðgangur að hluta
705/2017	5.3.2017	14.8.2017	11.9.2017	190	28	Aðgangur að hluta
706/2017	6.7.2017	31.10.2017	2.11.2017	119	2	Heimvísun
707/2017	2.3.2017	14.3.2017	2.11.2017	245	233	Frávisun
708/2017	23.6.2017	3.8.2017	2.11.2017	132	91	Frávisun
709/2017	14.2.2017	23.5.2017	2.11.2017	261	163	Aðgangur, heimvísun, frávisun
710/2017	16.5.2017	20.6.2017	2.11.2017	170	135	Aðgangur
711/2017	9.5.2017	20.11.2017	13.12.2017	218	23	Aðgangur að hluta
712/2017	17.8.2017	24.11.2017	13.12.2017	118	19	Synjun staðfest
713/2017	13.11.2017	13.11.2017	13.12.2017	30	30	Frestun réttaráhrifa hafnað
714/2017	22.9.2017	22.9.2017	13.12.2017	82	82	Endurupptöku hafnað
<b>Meðaltal:</b>				<b>210</b>	<b>102</b>	

## **Birting upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda**

*Reglugerð á grundvelli 4. mgr. 13. gr. upplýsingalaga*

Þann 24. apríl sl. gaf forsætisráðherra út reglugerð með stoð í 4. mgr. 13. gr. upplýsingalaga um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda.<sup>1</sup> Meginmarkmið reglugerðarinnar er að tryggja að sömu reglur gildi þegar stjórnvöld ákveða að veita aðgang að upplýsingum að eigin frumkvæði annars vegar og þegar veittur er aðgangur samkvæmt upplýsingalögum hins vegar. Reglugerðin endurspeglar undantekningarákvæði upplýsingalaga og áréttar skyldur stjórnvalda til að meta hvort skilyrði þeirra séu uppi áður en upplýsingar eru birtar að frumkvæði stjórnvalds.

Reglugerðin gerir einnig ráð fyrir því að stjórnvöld sem hyggjast birta upplýsingar um mál, þar sem önnur stjórnvöld hafa tekið eða munu taka stjórnvaldsákvörðun, leiti afstöðu þeirra áður en birting fer fram. Þegar hluti gagns er ekki birtur skal geta þess í þeim hluta sem birtur er almenningi nema gagnið beri það augljóslega með sér að hluti þess hafi verið undanskilinn.

Í reglugerðinni er að finna nýmæli þess efnis að hvert ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skuli gera tímasetta áætlun um birtingu upplýsinga í vörslum sínum og stjórnvalda sem undir það heyra. Áætlunin skuli birt opinberlega. Með þessu er áréttuð sú meginregla að hver ráðherra hefur yfirumsjón með frumkvæðisbirtingu upplýsinga á sínu málefnasviði, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011. Hins vegar er af hálfu forsætisráðuneytis talið rétt að ráðuneytin hefjist handa við að kortleggja hvaða upplýsingar í málaskrá stjórnvalda megi birta almenningi að frumkvæði þeirra. Ekki var talið unnt að mæla fyrir um fortakslausa skyldu stjórnvalda til birtingar tiltekinna tegunda upplýsinga að þessu sinni en gera má ráð fyrir frekari þróun á þessu sviði á kjörtímabilinu.

## **Endurnot opinberra upplýsinga**

*Tilskipun 2013/37/ESB*

Þann 9. maí sl. samþykkti Alþingi ný heildarlög um endurnot opinberra upplýsinga.<sup>2</sup> Samhliða voru felld niður ákvæði VII. kafla upplýsingalaga, nr. 140/2012, þar sem fjallað var um sama efni. Markmið laganna er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB frá 26. júní 2013 um breytingu á tilskipun 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera sem var tekin upp í EES-samninginn á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 17. mars 2017. Með því að mæla fyrir um réttarreglur um endurnot opinberra upplýsinga í sérlögum er jafnframt leitast við að framsetning þeirra sé skýrari og einkaaðilum auðveldað að átta sig á réttarstöðu sinni. Gildissvið endurnota er ekki það sama og upplýsingalaga, skilyrði fyrir því að fallist sé á beiðni eru ólík og málsmeðferð frábrugðin á ýmsa vegu. Allir þessir þættir þóttu mæla með þeirri leið sem farin var í stað þess að uppfæra VII. kafla upplýsingalaga.

<sup>1</sup> Reglugerð nr. 464/2018.

<sup>2</sup> 148. löggjafarþing 2017–2018, þskj. 978 – 264. mál.